**Brjef landshöfðingja** *til ýmsra lögreglustjóra* **um að senda skrár yfir blöð og bæklinga undir 6 örkum.** — Að gefnu tilefni frá stjórn landsbókasafnsins skal jeg hjer með þjónustusamlega leggja fyrir yður, (tit.) að senda mjer við hver árslok skrár yfir blöð og bæklinga, er prentaðir hafa verið á árinu innan lögreglu-umdæmis yðar, og sem senda ber yður samkvæmt 4. gr. laga 9. maí 1855. **97** 25. júní.

**Brjef landshöfðingja** *til amtmannsins í Suðuramtinu og Vesturamtinu* **um lán til búnaðarskólans á Hvanneyri.** (Ágrip). — Með brjefi þessu samþykkti landshöfðingi, að amtsráð Suðuramtsins tæki 3000 kr. lán til þess að stækka og umbæta skólahús búnaðarskólans á Hvanneyri, þannig að til tryggingar fyrir þessu láni væri eptir þörfum veðsett veðskuldabrjef búnaðarskólasjóðs Suðuramtsins. **98** 9. júlí.

**Brjef landshöfðingja** *til amtmannsins í Norðuramtinu og Austuramtinu* **um að eigi verði afplánuð sekt eptir sátt um ósaknæman hlut.** — Út af þóknanlegu brjefi yðar, herra amtmaður, dags. 3. þ. m. og þar með fylgjandi bænarskrá, er þjer hafið lagt með, frá Jóhannesi Vilhjálssyni vinnumanni á Grímstöðum, um eptirgjöf á 80 kr. sekt, er hann fyrir sáttanefnd hefir skuldbundið sig til að greiða til Skinnastaðahrepps fyrir að hafa riptað vistarráðum við Halldór prófast Bjarnarson á Presthólum, en sem hann getur ekki greitt, skal yður hjer með þjónustusamlega tjáð, til þóknanlegrar leiðbeiningar, að með því að engin sekt liggur við því eptir lögunum, þótt hjú fari úr vist, þá hefir hegningarvaldið enga heimild til að láta afplána sekt fyrir slíkt, og þarf því í þessu tilfelli ekki á neinni sektaruppgjöf að halda. **99** 24. júlí.

**Brjef landshöfðingja** *til bæjarfógetans í Reykjavík* **um hafnargjaldsgreiðslu af skipum, sem áður hafa leitað hafnar sökum sjóskemmda.** — Með þóknanlegu brjefi, dags. 30. f. m., hafið þjer, herra bæjarfógeti, sent eptirrit af úrskurði á hafnarsjóðsreikning Reykjavíkur 1891 við 3. gr., stafl. C., og ýms þar að lútandi skjöl, en með úrskurði þessum er ákveðið, að reikningshaldari skuli greiða 3 kr. 75 a. fyrir vanheimt hafnargjald af skipinu »Deux frères«, sem kom hjer tvisvar sumarið 1891, fyrst sökum sjóskemmda og í annað sinn án slíkrar ástæðu, en í hvorugt skiptið var krafið hafnargjalds, og haldið þjer því fram, að hafnarreglugjörðin 6. desbr. 1884 hafi ávallt að undanförnu verið skilin svo, að ekki sje heimilt að krefja hafnargjalds af skipi, er það kemur inn á höfnina 2 sinnum á sama árinu, án þess að hafa farið til útlanda síðan það hafnaði sig í fyrra skiptið, jafnvel þótt það þá hafi verið undanþegið hafnargjaldi sakir sjóskemmda; farið þjer því fram á, að jeg breyti úrskurði amtsins þannig, að hin úrskurðaða ábyrgð verði, að minnsta kosti í þetta sinn, látin niður falla. **100** 24. júlí.

Út af þessu skal yður hjer með tjáð, að með því að það virðist vafa-

**31. dag októbermán. 1894.**

**Reykjavík. Ísafoldarprentsmiðja 1894.**